



Verstu janúarútsölu síðan 2002 – verðbólga 4,3% í janúar

Vísitala neysluverðs (VNV) lækkaði um 0,06% milli mánaða í janúar og mælist verðbólga nú 4,3% samanborið við 3,6% í desember. VNV án húsnæðis lækkaði um 0,24% milli mánaða og mælist verðbólga án húsnæðis 4,7%.

Þetta var mun minni lækkun milli mánaða en almennt var búist við, en opinberar spár lágu á bilinu -0,12% til -0,42%. Við höfðum spáð -0,42%.

Verðbólga hefur ekki mælst hærrí síðan í ágúst 2013. Við eigum von á að verðbólga hafi náð hámarki núna í janúar og framundan sé hjöðnun hennar og að verðbólgu markmiði verði náð á seinni árs helmingi þessa árs.

Mælingin er yfir efri vikmörkum verðbólgu markmiðs (4,0%) og þarf Seðlabankinn því að senda ríkisstjórn greinargerð um ástæður fráviks, hve lengi áætlað sé að frávikid vari og hvort bankinn telji ástæðu til að grípa til sérstakra aðgerða. Næsta vaxtaákvörðun er á miðvikudag í næstu viku.


Helstu áhrifaþættir milli mánaða

- **Matur og drykkjarvörur** hækkuðu meira en við áttum von á. Hækkunin var nokkuð almenn, en 68% undirliða hækkuðu.
- **Föt og skór** lækkuðu um 6,5% en síðustu fimm ár hefur þessi liður lækkað að meðaltali um 11% milli mánaða. Lækkunin núna er minnsta lækkun milli mánaða í janúar síðan 2002. Útsöluáhrifin síðasta sumar voru einnig lítil og má líklegast rekja þetta til þess að útsölnar verða mun minni í sniðum vegna farsóttarinnar sem hefur leitt til þess að Íslendingar kaupa meira af fötum og skóm hér á landi.
- **Reiknuð húsaleiga** hækkaði um 0,39%. Vísitala markaðsverðs húsnæðis hækkaði um 0,87% en áhrif vaxtabreytinga voru 0,49 prósentustig til lækkunar.
- **Húsnæði án reiknaðrar húsaleigu** hækkaði aðallega vegna gjaldskrárhækkana

	Vægi í VNV	milli mánaða	tólf mánaða
Matur og drykkjarv.	15,2%	0,63%	6,7%
Áfengi og tóbak	2,4%	1,77%	4,4%
Föt og skór	3,4%	-6,52%	8,0%
Húsn. án reikn. húsaleigu	14,1%	0,97%	3,0%
Reiknuð húsaleiga	16,4%	0,31%	3,2%
Húsgögn og heimilisb.	5,5%	-3,35%	10,2%
Heilsa	4,3%	-0,64%	4,7%
Ferðir og flutningar - annað	4,5%	-0,08%	4,7%
Kaup ökutækja	6,1%	0,30%	9,1%
Bensín og díselolía	3,3%	3,10%	-4,9%
Flugfargjöld til útlanda	1,4%	-2,87%	-5,4%
Póstur og sími	1,4%	-1,26%	-7,5%
Tómst. og menning	10,1%	-0,37%	4,7%
Menntun	0,5%	0,56%	2,1%
Hótel og veitingast.	5,0%	0,44%	1,7%
Aðrar vörur og þjónusta	6,5%	0,53%	3,7%

Heimild: Hagstofa Íslands

Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands



um áramótin. Meðal annars hækkuðu sorphirðugjöld um 16,5% og hiti og rafmagn um 2,1%.


- **Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl.** lækkuðu um 3,4% vegna áhrifa frá janúarútsölum. Síðustu þrjú ár hefur þessi liður lækkað í kringum 5% milli mánaða að jafnaði þannig að eins og með föt og skó er ljóst að útsölnar í ár voru nokkuð slakar.
- **Bensín** hækkaði svipað og verðkönnun okkar benti til.

Gerum ráð fyrir að verðbólga lækki

Eins og staðan er í dag reiknum við með að vísitalan hækki um 0,54% í febrúar, +0,39% í mars og +0,19% í apríl. Gangi það eftir verður verðbólgan 3,8% í apríl.




VNV lækkaði um 0,06% milli mánaða og mælist verðbólgan 4,3%.




Heimild: Hagstofa Íslands

Ársbreyting vísitölu neysluverðs án húsnæðis er 4,7%.




Heimild: Hagstofa Íslands

Við spáum +0,54% í febrúar, +0,39% í mars og +0,19% í apríl.




Jan-mars er spá Hagfræðideildar
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Gangi það eftir verður verðbólgan 3,8% í apríl.




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Föt og skór lækkuðu mun minna í janúar en síðustu ár.



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild


Framlag innfluttra vara jókst úr 2,0 prósentustigum í 2,3 prósentustig.




Heimild: Hagstofa Íslands




Evran hefur hækkað um 0,3% og Bandaríkjadalur um 0,2% síðan í lok verðkönnunarvikunnar.




88% undirliða hafa hækkað síðustu tólf mánuði, þar af 71% meira en 2,5%.




Matur og drygkjjarvörur hækkuðu um 0,65% milli mánaða.




Vísitala markaðsverðs húsnæðis hækkaði um 0,77% en áhrif vaxtbreytinga var -0,46 prósentustig.



Föt og skór eru núna um 8% dýrari en í janúar 2020.




Flugfargjöld til útlanda eru 5,4% lægri en í janúar 2020.






Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði er við markmið, þ.e. 2,5%.



Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði er minna á styttri bréfum en lengri.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.